

STF-2015-05 Brunasandur

Kynningar- og útgáfuhátíð bókar um niðurstöður rannsóknarverkefnis átta vísindamanna úr ýmsum greinum, sem hafa rannsakað sögu Brunasands. Brunasandur byggðist upp eftir Skaftárelda 1783 og saga hans sýnir nýtt land verða til í kjölfar náttúruhamfara og hvernig það er síðan numið til búsetu.

Kirkjubæjarstofa er aðili að rannsóknarverkefni átta vísindamanna á sviði sagnfræði, grasafræði, jarðfræði, þjóðfræði, jöklafræði, fuglafræði, skógfræði og landafræði. Vísindamennirnir tengjast flestir svæðinu og hafa rannsakað sögu Brunasands sem byggðist upp eftir Skaftárelda 1783 og er því yngsta sveit á Íslandi. Um er að ræða stórmerkilega sögu þar sem nýtt land verður til í kjölfar náttúruhamfara og numið til búsetu fyrir tæplega tveimur öldum. Verkefnið fellur vel að áherslum íbúafundar Brothættra byggða 2013 þar sem saga Brunasands er hluti af sérstöðu Skaftárhrepps þar sem síbreytileg náttúruöflin ýmis eyða eða skapa.

Lokaskýrsla: Tímaáætlun verkefnisins breyttist nokkuð af óviðráðanlegum orsökum. Dráttur varð á útgáfu bókar um niðurstöður rannsóknarverkefnisins um Brunasand þannig að fresta varð kynningar- og útgáfuhátíðinni til 5. des. Vegna illveðurs og ófærðar þann dag var hátíðinni enn frestað til 11. desember. Vegna færðar og aðstæðna var fyrirlesurum boðin rútuferð frá Reykjavík að Klaustri en ekki var greitt sérstaklega fyrir fyrirlestra. Kynningar- og útgáfuhátíðin tókst mjög vel og hún var vel sótt af heimafólki. : Sveitin Brunasandur varð til eftir Skaftáreldana 1783 – 1784 þegar eystri tunga hraunflóðsins þrýsti Hverfisfljóti austur í þann farveg sem það nú rennur. Strax þá tók landið, sem kom undan fljótinu, að gróa upp og varð byggilegt á undraskömmum tíma. Landnám á Brunasandi hefst þegar mælt er út fyrir fyrsta býlinu, orrustu stöðum, þann 10. maí 1823. Í kjölfarið byggðust fleiri býli og yngsta sveit á Íslandi varð til. Rannsóknin tekur til, eins og nafnið segir til um, mótunar lands og samfélags frá Skaftáreldum til dagsins í dag og mynda rannsóknarniðurstöðurnar heildstæða mynd af þróuninni.

Verkefninu var úthlutað kr. 500.000.- árið 2015.